

Ed.

1051. Frumvarp til laga

[115. mál]

um lífeyrissjóð bænda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 142 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Iðgjöld sjóðfélaga vegna búrekstrar skulu innheimt af búvöruverði og vera 1,25% af verði til framleiðanda. Skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga og innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 40/1982. Ekki skal þó greiða herra iðgjald en sem svarar 4,2% af þreföldum viðmiðunarlaunum samkvæmt 8. gr. vegna bænda sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð og maka þeirra, sambúðarkvenna eða sambúðarmanna, sbr. 2. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald allt að hálfum öðrum viðmiðunarlaunum. Mörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. mgr. skal leggja gjald á allar búvörur og skal gjald þetta vera ákveðinn hundradshluti af verði til framleiðenda. Hundradshluti þessi skal ákveðinn þannig að heildarfjárhæð mótfamlags verði 50% hærri en samanlögð iðgjöld framleiðenda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo að það nemi 1,60% af heildarverðmæti búvara á almanaksárinu.

Nú hefur sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald samkvæmt 1. mgr., atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og skal þá greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 2. mgr. 2. gr., skulu vera 10% af launum. Teljast 4% vera iðgjald sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda. Reki lögaðili búskap skal þó gjald samkvæmt 2. mgr., meðan til hrekkur, teljast mótframlag vegna forstöðumanns búans og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns.

Aðilar sem taka búvörur bænda til sölumeðferðar, vinnslu eða endursölu, svo sem mjólkurbú, sláturhús, verslanir og veitingahús, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 2. mgr. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkvæmt 1. mgr. Framleiðendur sem selja búvörur sínar án milliliðar til neytenda skulu annast innheimtu mótframlags samkvæmt 2. mgr. og standa skil á því til sjóðsins ásamt iðgjöldum samkvæmt 1. mgr. samkvæmt fyrirmælum sjóðstjórnar. Nú innheimtist herra iðgjald samkvæmt 1. mgr. en greiða ber og skal þá endurgreiða það sem umfram er eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Gjald dagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnir í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjalddaga ef skil eru ekki gerð innan 30 daga frá gjalddaga. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um dagsektir á hendur söluaðila ef hann lætur ekki í té sundurliðun á iðgjöldum sjóðfélaga eins og fyrir er mælt. Við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila skulu kröfur samkvæmt þessari málsgrein njóta sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum þrotabúsins.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs er hann nær 69 ára aldri eða eftir að taka ellilífeyris hefst, sbr. 6. mgr. 8. gr.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.